Kennsluáætlun í reikningi
Aðal kennslustund - Haustönn - 16.- 27. Nóv 2026
3.-4. bekkur
2026-2027
Waldorfskólinn Sólstafir
Kennari: Guðbrandur Bragason

Lýsing á verkefnum lotunnar:

Viðfangsefni lotunnar er verðgildi peninga. Nemendur byrja á því að giska á hvað hinar ýmsu vörur kosta og síðan er farið í verslanir og verð kannað. Í framhaldi skrá nemendur niður verð á hinum ýmsu vörum og greina upphæðirnar í hundruð, tugi og einingar. Hafin er söfnun á tómum umbúðum til að nota í búðarleik þar sem verður að greiða þá upphæð sem varan kostar og gefa rétt til baka ef greitt hefur verið með hærri upphæð en varan kostar.

Markmið:

- hugarreikningur
- eining, tugir, hundruð og þúsund
- leggja saman og draga frá einingar, tuga tölur og hundruð
- að skipta tölum upp í einingu-tug og hundruð
- verð gildi peninga (að þekkja peninga)
- námundun

Verkefni:

Verðkannanir í verslun. Búðarleikur.

Námsmat:
Virkni og þátttaka í tímum.
Vinnubrögð og frágangur.
Talnaskilningur.
Samskipti við samnemendur, kennara og skólaliða.